

Reykjavík, 30. apríl 2019

Ráðherra, kæru gestir

Ég vil byrja á að kynna mig en ég heiti Hrönn Hrafnasdóttir og starfa sem sérfræðingur hjá Reykjavíkurborg, er viðskiptafræðingur að mennt, með meistaragráðu í umhverfis- og auðlindafræðum og hlotnaðist sá heiður að vera skipuð formaður dómfndar Kuðungsins, umhverfisviðurkenningar umhverfis- og auðlindaráðherra, sem veitt er árlega fyrirtæki eða stofnun fyrir framúrskarandi árangur í umhverfismálum.

Dómnefndin í ár, auk mín, var skipuð þeim Heimi Birni Janusarsyni fyrir hönd Alþýðusambands Íslands, Hrefnu Karlsdóttur fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins og Stefáni Erlendssyni, sem tilnefndur var af frjáldsum félagasamtökum. Með okkur starfaði Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem hélt þétt utan um nefndina og störf hennar. Vil ég byrja á því að þakka nefndarfólki og Bergþóru fyrir góð viðkynni og skemmtilegt samstarf.

Gripinn, Kuðunginn, hannaði í ár Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir fatahönnuður og er hann úr hrosshárum.

Dómnefndinni bárust fjöldamargar tilnefningar og margar þeirra voru athyglisverðar og lofsverðar. Það er augljóst að fyrirtæki og stofnanir eru í síauknum mæli að horfa til þess að draga úr umhverfisáhrifum í sínum rekstri og sambætta umhverfisstarfið við aðra vinnu sem tengist samfélagslegri ábyrgð og jafnvel innleiðingu heimsmarkmiða. Það var því úr vöndu að ráða. Nefndarfólk nálgæðist verkefnið með ýmsum hætti, upp komu ólík sjónarmið en að lokum vorum við öll sammála. Val dómnefndar endaði þannig að verslunarkeðjan Krónan var einróma kjörin þess verð að hljóta Kuðunginn að þessu sinni.

Áður en umhverfis- og auðlindaráðherra afhendir fulltrúum fyrirtækisins þennan fallega verðlaunagrip, langar mig að fara yfir rökstuðning dómnefndar.

Krónan er eins og við væntanlega þekkjum öll lágvöruverðsverslun en það fer gjarnan saman að draga úr umhverfisáhrifum og gæta aðhalds í rekstri. Að gæta aðhalds er mikilvægur liður í því að draga úr kostnaði og þannig er hægt að bjóða lágt verð. Því er hægt horfa fyrst og fremst til umhverfisstarfsins með þeim gleraugum, sem kostnaðarsparnaði. Fljótlega kom þó í ljós að hvatinn hjá forsvarsmönnum Krónunnar fyrir umhverfisstarfinu var ekki eingöngu að draga úr kostnaði, og eins og ég mun koma að síðar, þá var ávinningur einnig annar og kom skemmtilega á óvart.

Fyrirtæki eins og Krónan snertir okkar daglega líf. Það sem við borðum, notum til að þrífa okkur sjálf og til að þrífa heimilið kaupum við sem neytendur í búð, það er yfirleitt okkar eini kostur. Það er því mjög mikilvægt að slík snerting við daglegt líf sé þannig að hægt sé að velja umhverfisværnar vörur, lífrænt ræktaðar vörur, draga úr matarsóun, draga úr plastnotkun og minnka orkunotkun á sama tíma og flestir neytendur leita að lægsta verðinu. Krónan leggur markvisst áherslu á alla þessa þætti en frá árinu 2015 hefur þar verið unnið að samfélagslegri ábyrgð og

umhverfismálum sem fer mjög vel saman. Hollar vörur eru gerðar sýnilegri og sælgæti fjarlægt af afgreiðslusvæði.

Að draga úr umhverfisáhrifum fer saman við að draga úr allri sóun. Krónan hefur lagt áherslu á að vinna gegn sóun í eigin rekstri. Sem dæmi má nefna að í nýjum verslunum er valinn orkusparandi búnaður s.s. lokaðir kælar og LED lýsing og hafa þær aðgerðir skilað verulegum orkusparnaði. Úrgangsmálin hafa verið rýnd og dregið hefur verið úr almennum úrgangi sem fer til urðunar eða um tæp 19%. Mikill árangur hefur náðst í að draga úr sóun á pappír og pappa en Krónan hætti árið 2016 að bera út prentaðan fjölpóst á heimili landsmanna. Á sama ári var farið að nota fjölnota kassa í innflutningi á ferskvöru sem sparar 162 tonn af pappakössum á ári. Vörur koma til landsins í grænum kössum og þegar þeir hafa verið tæmdir í verslunum fara þeir samanbrotnir aftur frá landi og eru því notaðir aftur og aftur.

Hjá Krónunni eru matvörur sem nálgast síðasta sö ludag lækkaðar í verði og settar á sér svæði og merktar sérstaklega í þeim tilgangi að sporna við matarsóun.

Árangurinn af þeiri vinnu er að tekist hefur að draga úr því magni sem er hent um 50%. Þar með er ekki sagt að allt sé fullkomið hjá Krónunni, á stórum vinnustað verða mistök og mat hent sem hefði kannski verið hægt að nýta betur. En mistök eru til að læra af þeim og Krónan hefur verið opin með þá umræðu, tekið virkan þátt í umræðum á samfélagsmiðlunum og fyrirtækið segir frá því hvernig það mun læra af mistökum og skerpa á ferlum. Að draga úr matarsóun er mjög stórt verkefni. Það að stíga fram og segjast ætla að taka á matarsóun er ákveðið ferli, og hefur Krónan náð eftirtektarverðum árangri á því sviði.

Hjá Krónunni hefur verið dregið úr plastnotkun með því að auka úrval af fjölnota burðarpokum til muna. Fersk kjötvara hefur verið færð úr því að vera pökkuð í plastbakka yfir í auð-endurvinnanlegar umbúðir úr aðgreinanlegum pappa og plastfilmu. Þannig hefur plastbökkum fækkað um 500.000 síðan verkefnið hófst árið 2018. Í tveimur verslunum Krónunnar er neytendum gert kleift að skilja eftir óþarfa umbúðir sem verslunin sér svo um að koma til viðeigandi endurvinnslu.

Mig langar að lokum að nefna einn ávinning sem kom skemmtilega á óvart en er mjög mikilvægur. Í heimsókn okkar til Krónunnar var okkur sagt frá því að ein hlíðarverkun þess að leggja áherslu á að hafa góð áhrif út í samfélagið er að Krónan á auðveldara með að ráða til sín fólk. Vinna er stór hluti af lífi fólks. Ungt fólk er stærsti hlutinn af vinnuafli Krónunnar og eins og við sjáum af þátttöku ungs fólks í vikulegu loftslagsverkfalli er kynslóðin sem nú vex úr grasi aldeilis að horfast í augu við alvarlegar umhverfisógnir. Það er því mikilvægt fyrir þau að sjá að það sé í alvörunni verið að breyta ferlum í átt að betra samfélagi á þeirra eigin vinnustað. Það er mikilvægt að sjá að það sé hægt að draga úr matarsóun, plast- og umbúðanotkun og draga úr orkunotkun. En, kæra Krónufólk, samfélagsleg ábyrgð og að draga úr umhverfisáhrifum er vegferð, ferðalagið er hafið og ég óska ykkur góðs gengis í áframhaldandi vinnu.

Kæru gestir.

Fyrir hönd dómnefndar óska ég Krónunni innilega til hamingju með Kuðunginn. Nú vil ég biðja umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmund Inga Guðbrandsson, að afhenda Grétu Maríu Grétarsdóttur, framkvæmdastjóra Krónunnar Kuðunginn góða fyrir gott umhverfisstarf á árinu 2018. Takk fyrir.